

Forsætisráðuneytið  
Lækjargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. september 2022

Sent á samráðsgátt

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök iðnaðarins (SI), hér eftir samtökin, hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 23. ágúst 2022. SA og SI skiluðu einnig umsögn um drög að frumvarpinu, dags. 29. apríl 2021, sem byggði á skýrslu forsætisráðuneytisins *Breytt lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, tillaga verkefnahóps* sem kom út í ágústmánuði 2020. Í þeirri umsögn var tekið undir þau aðalatriði er lutu að greiningu og niðurstöðu verkefnahópsins.

Samtökin skiluðu einnig umsögn um drög að frumvarpi í samráðsgátt í mars 2021. Þá hafði verið gerð sú breyting á 5. gr. frumvarpsins er fjallar um tilnefningarnefnd að gert er ráð fyrir tilnefningu *samtaka fyrirtækja í atvinnurekstri* í stað samtaka fyrirtækja í iðnaði áður. Samtökin gera athugasemd við þetta orðalag og ítreka það sem fram kom í fyrrnefndri umsögn; að SA tilnefni fulltrúa í tilnefningarnefndina í nánú samráði við SI. Í skýrslu forsætisráðuneytisins var einnig lagt til að Samtök atvinnulífsins skipuðu fulltrúa í tilnefningarnefnd til Vísinda- og nýsköpunarráðs. Tengsl nýsköpunar og iðnaðar eru sérstaklega mikil og hafa ber í huga að fjárfesting í rannsóknum og þróun, sem leiðir af sér nýsköpun, á sér sérstaklega stað hjá fyrirtækjum í iðnaði. Þá er mikill meirihluti útgjalda til rannsókna og þróunar á vegum fyrirtækja og minnihluti á vegum opinberra stofnana og háskóla. Mikilvægt er að Vísinda- og nýsköpunarráð sé skipað öflugum fulltrúum atvinnulífsins sem hafa þekkingu og reynslu á sviði nýsköpunar og yfirsýn yfir alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði. Þó vísindi og nýsköpun eigi helst við í iðnaði þá nýtast lausnir í öllum atvinnugreinum og því verður leitast við að fulltrúi atvinnulífsins hafi góða yfirsýn yfir þarfir í ólíkum atvinnugreinum. Þessar athugasemdir eru því ítrekaðar hér þar sem ekki hefur verið brugðist við þeim.

Ein af þeim breytingum sem frumvarpið boðar er sú að níu fulltrúar sitji í ráðinu með þekkingu og reynslu á málefnasviðinu. Ráðið yrði því smærra en nú er og samtökin telja þetta jákvæða breytingu.

Þá er einnig lögð til önnur lykilmreyting, en hún er sú að stuðningur við starf Vísinda- og nýsköpunarráðs og ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun er stutt af sérfræðingum innan þess ráðuneytis sem fer með málefni vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar sem greini stöðu málefnasviðsins og styrki þannig grunn stefnumótunar. Samtökin taka undir mikilvægi þess að starf ráðsins hafi stuðning af sérstökum starfsmönnum enda hefur starf ráðsins síðustu ár ekki verið nægjanlega markvisst.

Að gefnu tilefni vilja samtökin ítreka fyrri afstöðu sína um að tryggja þurfi að einstaklingar með mismunandi og fjölbreyttan bakgrunn og viðamikla þekkingu á skilyrðum og starfsumhverfi nýsköpunar komi að ráðinu. Núverandi ráð, að ráðherrum frátöldum, endurspeglar ekki samsetningu útgjalda til rannsókna og þróunar enda eru þar einungis þrír sem starfa í fyrirtækjum. Langflestir starfa í háskólum og stofnunum og æskilegt er að á þessu verði breyting.

Samtökin lýsa yfir ánægju með þær miklu jákvæðu breytingar sem orðið hafa á umgjörð og hvötum til nýsköpunar á síðustu árum, þá sérstaklega aukningu skattahvata vegna rannsókna og þróunar og eflingu Tækniþróunarsjóðs. Samtökin hafa trú á því að með breytingum sem felast í frumvarpinu muni takast að efla umhverfi vísinda og nýsköpunar enn frekar.

Vísindi og nýsköpun eru veigamikill þáttur í verðmætasköpun hér á landi og um leið grundvöllur að hagsæld íslensku þjóðarinnar. Mikilvægt er að standa vörð um þessi málefni auk þess að gefa alþjóðlegri þróun gaum sem og nýjum vaxtasprotum og tækifærum. Samtökin hafa trú á því að með breytingum sem felast í frumvarpinu muni takast að efla nauðsynlega umhverfi vísinda og nýsköpunar. Það er fagnaðarefni.

**Virðingarfyllst,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins  
Árni Grétar Finnsson

f.h. Samtaka iðnaðarins  
Nanna Elísa Jakobsdóttir